

## Leiðbeiningar til birgja

Hér með tilkynnist að allir reikningar til ríkisstofnana skulu vera á rafrænu formi og sendir sem XML reikningar í gegnum skeytamiðlara, ekki er heimilt að senda PDF skjal í tölvupósti.

Gætið þess að eftirfarandi atriði komi fram á reikningi:

Á haus reiknings:

- **Tilvísun kaupanda** eru upplýsingar sem gefnar eru upp af verkkaupa, s.s. pöntunar / beiðnanúmer eða verknúmer, annars deild og/eða tengiliður

Í hverri línu reiknings:

- Einingaverð og fjöldi eininga / tíma
- Skýring: heiti vöru / lýsing á vinnu / verkefni sem unnið er
- Afslættir

Fylgiskjöl, s.s. vinnuskýrslur má setja sem viðhengi.

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkisstofnana tilkynnir:

- Ríkið áskilur sér 30 daga greiðslufrest frá móttöku reiknings
- Reikningar eru greiddir með millifærslu nema um annað sé samið
- Birgja er ekki heimilt að setja viðbótargjöld á reikninga nema um slíkt sé samið
- PDF reikningar í tölvupósti, nei takk!

Á heimasíðu FJS, er að finna ýmsar nánari leiðbeiningar, einnig hefur Fjársýslan sett upp skráningarsíðu fyrir minni aðila sem ekki geta gefið út rafræna reikninga í eigin kerfi eða eru ekki bókhaldsskyldir:

- Sjá slóð: <http://www.fjs.is/rafraent/>



The screenshot shows the website of the Icelandic Tax Authority (Fjársýsla ríkisins). The header includes the logo, navigation links (Veftré, Hafa samband, English), and a search bar. A menu bar contains links for 'Fræðsla og verklagsreglur', 'Eyðublöð', 'Útgefið efni', 'Námskeið', and 'Um Fjársýsluna'. The main content area is titled 'Fræðsla og verklagsreglur' and features a section for 'Rafrænir reikningar'. A red box highlights a blue button labeled 'SENDA REIKNING'. Below this, the text reads: 'Rafrænir reikningar til ríkisins – upplýsingar til birgja. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ákveðið að frá og með 1. janúar 2020 skuli allir reikningar vegna kaupa ríkisins á vöru og þjónustu vera...'